# Innra mat

[Leiðbeiningar um innra mat: Sigríður Sigurðardóttir fyrir MMR 2016]

| Viðfangsefni | Markmið | Viðmið - Byggja á viðmiðum MMS | Gagnaöflun | Tímarammi | Ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|
| **Faglegt samstarf og samræða** | **Hvað ætlum við okkur?** | **Hvaða kröfur gerum við?** | **Hvar finnum við gögn? Hvernig og hvar er gagnanna aflað?** | **Hvenær ársins er gagnanna aflað?** | **Hver ber ábyrgð?** |
| **Skipulag** | | | | | |
| | ❑ Að innra mat sé sjálfsagður hlutur af skólastarfinu og allir starfsmenn skólans meðvitaðir um það.<br>❑ Að innra mat sé alltaf í gangi samkvæmt áætlunum.<br>❑ Allir starfsmenn skilja hvernig spurningalistar og fjölbreytt gögn leggja lóð á vogaskálarnar til að auka gæði skólastarfsins innan frá. | ❑ Innra mat er tekið fyrir á starfsmannafundi a.m.k. einu sinni á ári.<br>❑ Innra mat er álitið mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu og allir starfsmenn skilja hvað innra mat er.<br>❑ Í skólanámskrá er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.<br>❑ Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega og birtist í skimanaáætlun skólans.<br>❑ Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram þrisvar á ári og matslisti Gerðar. G. Óskarsdóttur er lagður til grundvallar.<br>❑ Sjálfsmat kennara er alltaf í gangi og er hluti af starfsþróunarsamtali kennara við skólastjóra.<br>❑ Jafningjamat fer fram tvisvar á ári.<br>❑ Skólastjóramat fer fram þrisvar á ári.<br>❑ Matsþættirnir þrír - stjórnun, nám og kennsla og innra mat eru metnir ítarlega í þriggja ára rúllu og birtist í 5 ára sjálfsmatsáætlun skólans.<br>❑ Markmið stefnu skólans eru metin markvisst og reglubundið með spurningalistum og í starfsmannasamtölum. | ❑ Umfjöllun um innra mat er í fundaáætlun starfsfólks í starfsáætlun.<br>❑ Í starfsmannasamtölum er innra mat gert að umfjöllunarefni.<br>❑ Í starfsmannakönnunum er spurt um innra mat.<br>❑ Í foreldrakönnunum er spurt um innra mat.<br>❑ Matslisti um fagmennsku kennara er á heimasíðu skólans og kunnugur bæði foreldrum, nemendum og kennurum. ATH<br>❑ Viðmið um einstaklingsmiðað nám - kennarar meta sig gagnvart viðmiðum Gerðar G. Óskarsdóttur.<br>❑ Mat á kennslu er skipulagt í starfsáætlun skólans.<br>❑ Gert er ráð fyrir tíma í jafningjamati kennara í starfsáætlun skólans.<br>❑ Í foreldrakönnun, nemendakönnun og starfsmannakönnun er spurt um stefnu skólans. | ❑ Starfsáætlun haust 2019<br>❑ Mat á starfsáætlun vor 2020.<br>❑ Skýrsla um innra mat vor 2020<br>❑ Nemenda-kannanir í nóv. og mars<br>❑ Sjálfsmat kennara í janúar<br>❑ Jafningjamat kennara í febr.<br>❑ Starfsmanna-könnun í mars<br>❑ Foreldrakönnun í mars<br>❑ Skólastjóramat í febr. og apríl<br>❑ Starfsþróunar-samtöl í febr/mars | ❑ Skólastjóri<br>❑ Matsteymi |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Framkvæmd** | | | | | |
| | ❑ Að nám og kennsla sé metin reglulega og sé hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda.<br>❑ Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum sem og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir.<br>❑ Niðurstöður úr spurningalistum og viðtölum eru nýttar til úrbóta út frá skýrum viðmiðum.<br>❑ Innra mat er samstarf allra aðila skólasamfélagsins og oft nefnt.<br>❑ Að þegar gagna er aflað sé leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á.<br>❑ Að matsframkvæmdin sé endurmetin reglulega og reynslan af matinu ígrunduð og skráð. | ❑ Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.<br>❑ Teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila hefur umsjón með framkvæmd innra mats.<br>❑ Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (svo sem sveitarfélags og ráðuneytis) í innra mati þegar við á.<br>❑ Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.<br>❑ Hagmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs).<br>❑ Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.<br>❑ Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir er hæfa þörfum skólans.<br>❑ Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun, bæði eigindlegra og megindlegra gagna.<br>❑ Reglulega eru endurskoðaðar aðferðir og reynsla af innra mati. | ❑ Áætlun innra mats teymis birtist í starfsáætlun skólans.<br>❑ Nöfn innra mats teymis birtast í starfsáætlun og á heimasíðu skólans.<br>❑ Niðurstöður úr könnunum eru nýttar til að fylgjast með framförum nemenda og brugðist er við með úrbótum þegar það gengur ekki eftir.<br>❑ Innra mat er fjölbreytt þegar spurningalistar, fundargerðir, viðtöl og rýnihópar eru nýttir við mat á hverjum þætti (innra mat, stjórnun og nám og kennsla).<br>❑ Innra matið er endurskoðað á þriggja ára fresti og endurspeglast í langtímaáætlun um innra mat. | ❑ Áætlun um innra mat í starfáætlun skólans.<br>❑ Greinargerð um innra mat í maí 2020.<br>❑ Matsteymi rýnir í niðustöður Lesferils og samræmdra prófa<br>❑ | ❑ Skólastjóri<br>❑ Matsteymi |
| **Umbætur** | | | | | |
| | ❑ Að innra mats skýrslur séu ávallt aðgengilegar, skiljanlegar og til þess fallnar að gera gæði skólastarfsins sífellt betri.<br>❑ Að allt skólasamfélagið skilji með hvaða hætti gæðaviðmið séu nýtt til umbóta.<br>❑ Að umbætur séu reglubundinn partur af skólastarfinu og leiði til breytinga til hins betra. | ❑ Greinargerð um innra mat er gerð árlega (sjálfsmatsskýrsla).<br>❑ Greinargerð um innra mat er kynnt skólasamfélaginu á hverju ári.<br>    ❑ Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.<br>    ❑ Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.<br>    ❑ Niðurstöður úr innra og | ❑ Greinargerð um innra mat er gerð í lok skólaárs og birt á heimasíðu skólans.<br>❑ Innra mats teymi skólans kynnir niðurstöður innra mats á fundi í byrjun hvers skólaárs. Umbætur og árangur kynntur.<br>❑ Umbótaáætlun í kjölfar innra/ytra mats kynnt skólaráði og er liður í fundaáætlun skólaráðs.<br>    ❑ Ferli umbóta á að vera skýrt og upplýst hvenær umbótum er lokið. | ❑ Kynning á viðfangsefnum innra mats á fundi í september. | ❑ Skólastjóri<br>❑ Matsteymi |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | ytra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.<br>❑ Þegar niðurstöður mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.<br>❑ Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.<br>❑ Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.<br>❑ Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.<br>❑ Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti.<br>❑ Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.<br>❑ Skólinn getur sýnt fram á umbætur sem eru raktar til innra mats. | | | |
| | | | | | |
| **Gátlisti**<br><br>**Innra mat** | ❑ Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.<br>❑ Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.<br>❑ Áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir.<br>❑ Í gögnum um innra mat kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats (s.s. matsteymi).<br>❑ Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið í stefnu skólans eru metin (á líka við um markmið um kennsluhætti).<br>❑ Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.<br>❑ Gagna er aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með.<br>❑ Nýlegar greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.<br>❑ Eldri greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.<br>❑ Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans.<br>❑ Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.<br>❑ Tilgreint er í umbótaáætlun **hvenær** á að meta árangur aðgerða.<br>❑ Tilgreint er í umbótaáætlun **hvernig** á að meta árangur aðgerða. | | | | |

## Tímalína:

2019-2020

Yfirlit yfir sjálfsmatsþætti með viðmiðum - Rammi um sjálfsmat - Innra mat

Sjálfsmat Grunnskóla

Trappa 2018™

| Ágúst | September | Október | Nóvember | Desember | Janúar | Febrúar | Mars | Apríl | Maí | Júní |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Undirbúningur innra mats | Undirbúningur innra mats | Innra mats áætlun lokið<br>Starfsáætlun lokið<br>Nemendakönnun<br>Rýnihópur um samræmd próf | | Sjálfsmat kennara | Skólastjóramat<br>Starfsmannasamtöl<br>Jafningjamat kennara<br>Rýnihópur um Lesferil | Nemendakönnun<br>Starfsmanna-könnun<br>• Foreldrakönnun | • Skólastjóramat | Greinargerð um innra mat-<br>Sjálfsmatsskýrsla | Mat á starfsáæltun |